

Morgunblaðið

mbl.is/gagnasafn

Laugardaginn 12. maí, 2007 - Aðsent efni

Betri byggð í vesturbæ Kópavogs

Guðni Bergsson vill hreinsa til á Kársnesinu



Guðni Bergsson

Guðni Bergsson vill hreinsa til á Kársnesinu: "Nú er kjörið tækifæri fyrir fulltrúa allra flokka að leggja sitt af mörkum og byggja upp betra Kársnes"

Í apríl í fyrra var haldið líflegt og skemmtilegt íbúáþing þar sem íbúar Kópavogs tóku þátt í stefnumótun bæjaryfirvalda í skipulagsmálum. Farið var í gegnum skipulagshugmyndir bæjarins, hvað væri vel heppnað og hverju mætti breyta. Ein meginniðurstaða fundarins var skýr: Bæjarbúar eru einróma um að taka þarf til hendinni í niðurníddu

iðnaðarhverfi vesturbæjar Kópavogs.

Stefnumál allra flokka

Fyrir síðustu bæjarstjórnarkosningar var enduruppbygging Kársness á stefnuskrá allra framboðslistanna. Reyndar hefur enduruppbyggingin verið á stefnuskrá sumra þeirra síðastliðin átta ár. Nú er kjörið tækifæri fyrir fulltrúa allra flokka að leggja sitt af mörkum og byggja upp betra Kársnes. Vilji íbúa er til staðar og ef vandað er til verka mun nýr hluti Kársness verða fallegur og góður staður að búa á og hafa jákvæð áhrif á verðgildi nærliggjandi fasteigna.

Blönduð byggð

Iðnaðarhúsabyggðin yst á Kársnesi er að mestu úrelt og illa til þess fallin að hýsa núverandi starfsemi. Hættulegir húsgrunnar, tómar byggingar, bílflok og annað brotajárn einkennir svæðið og kemur í veg fyrir að íbúar á Kársnesi geti notið þess að fara þar um. Slæmt ástand svæðisins hefur auk þess verið segull á neikvæða samfélagshætti undanfarin misseri. Ljóst er að taka þarf til hendinni sem fyrst.

Svæðið yst á Kársnesi er einstaklega vel fallið til uppbyggingar íbúðahverfis. Það er við rótgróna byggð og fellur vel að núverandi gatnakerfi. Töluverðs landhalla nýtur við sem leyfir nýja byggð án skerðingar á útsýni fyrir íbúa í eldri húsum.

Undanfarin tvö ár hafa verið unnar hugmyndir að blandaðri byggð á svæðinu öllu. Áhersla er á að hverfið fái á sig mynd erlendra bryggjuhverfa en stuðst hefur verið við nokkur best heppnuðu bryggjuhverfi Norður-Evrópu. Ekki þarf að færa alla atvinnustarfsemi af svæðinu því blönduð byggð er skemmtileg ef vandað er til verka. Auk íbúða er gert ráð fyrir listagalleríum, kaffihúsum, veitingahúsum og annarri menningarstarfsemi.

Umferðarmál unnin í sátt

Við þéttingu byggðar verður að taka tillit til núverandi íbúa og hverfisins í heild. Skipulagsyfirköld verða að skoða hámarksflutningsgetu gatna í sátt og samlyndi við þá íbúabyggð sem fyrir er. Verkfræðistofur hafa unnið að umferðarmálum fyrir skipulagsyfirköld Kópavogsbæjar og væntum við vel ígrundaðra lausna úr þeirri vinnu.

Glæsileg sportbátahöfn

Við brotthvarf Atlantsskipa hafa smábáta- og sportbátæigendur uppi áætlanir um að stækka leguhöfn sína. Hugmyndir eru um að byggja lágreista byggð í kringum smábátahöfnina sem skapa mun einstaka umgjörð um tómsundaiðju sívaxandi hóps og stuðla að fjölbreyttara

mannlífi. Sambland íbúðabyggðar og smábátahafnar er hugmynd sem mörgum fellur vel í geð og hefur notið vinsælda í nágrennalöndum okkar. Nú er tækifæri fyrir Kópavogsbæ að skipuleggja og byggja upp skemmtilegt og metnaðarfullt íbúðahverfi sem verður eftirsóknarvert til búsetu og útivistar fyrir íbúa Kópavogs.

Höfundur er lögfræðingur og stjórnarmaður í Nesbryggju ehf.